

**Nd.**

## **59. Frumvarp til laga**

um brunatryggingar á Akureyri og í Siglufirði.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar, Áki Jakobsson.

### **1. gr.**

Bæjarstjórnnum Akureyrar og Siglufjarðar skal heimilt að semja við eitt eða fleiri brunabótafélög um tryggingu gegn eldsvoða á öllum húsum á Akureyri og Siglufirði, enda staðfesti atvinnumálaráðherra slíka samninga.

Tekjur þær, sem verða af starfseminni samkvæmt slíkum samningum, skulu skattfrjálsar til bæjar og ríkis.

### **2. gr.**

Hafi bæjarstjórnirnar gert slíka samninga, skulu öll hús í lögsagnarumdæminu, hvort sem þau eru almennings eign eða einstakra manna, tryggð hjá félögum þeim, sem samið er við, með fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna og með þeim kjörum og fyrir þau iðgjöld, sem samningarnir tiltaka. Bæjarstjórnirnar skulu hafa eftirlit með virðingargerðunum, og skal ekkert hús tekið í ábyrgð fyrir hærri upphæð en þær álíta hæfilega.

### **3. gr.**

Öll iðgjöld og virðingargjöld hvíla á húseignum þeim, sem tryggðar eru, með forgangsrétti fyrir öðrum skuldbindingum, sem hvíla á eignunum, og séu iðgjöldin ekki greidd í réttum gjalddaga, má heimta þau eftir þeim reglum, sem gilda um lögtak á sköttum til ríkissjóðs.

### **4. gr.**

Bæjarstjórn er skylt að sjá um, að slökkvilið sé vel skipað og hafi nauðsynleg slökkvitól, sem haldið sé vel við.

Allir karlmenn í bænum, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir til þjónustu í slökkviliðinu, bæði við æfingar og við að slökkva eld, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerðum, sem bæjarstjórn semur, en atvinnumálaráðherra staðfestir, og má í þeirri samþykkt ákveða sektir, allt að 1000 krónum, fyrir brot á ákvæðum hennar. Sektirnar renna í bæjarsjóð.

### **5. gr.**

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð samkvæmt 4. gr. skal farið sem almenn lögreglumál.

### **6. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Frv. þetta er að mestu samhljóða frv., sem flutningsmenn fluttu á síðasta þingi skv. beiðnum bæjarstjórnanna á Akureyri og Siglufirði, en þau frv. bæði urðu ekki útrædd.

Báðar bæjarstjórnirnar hafa áhuga á málum þessum nú ekki síður en í fyrra-  
vetur. Auk þess er vitað, að mikill áhugi er fyrir þessum málum hjá almenningi í þessum bæjum, og því viljum við flytja þetta mál aftur og væntum þess, að það fái góðar undirtektir.